

MINNISBLAÐ

Verkefni: Áhættumat vegna jarðhræringa á Reykjanesi
Lykill: 3400-001-ÁGR-001-V13b
Dagsetning: 21.11.2024, 18:00

Viðtakandi: Framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur og embætti ríkislögreglustjóra
Staða: ÚTGEFIÐ
Sendandi: Böðvar Tómasson

Efni: Áhættumat 21. nóvember 2024

FORSENDUR

Um er að ræða niðurstöður áhættumats fyrir Grindavík, Svartsengi og gossvæði/sprengisvæði. Áhættustigið er skilgreint með 5 stiga áhættukvarða, sjá næstu töflu.

Tafla 1 Skilgreining áhættustigs

| Áhættustig | Áhættuleif |
|--------------|--|
| Óásættanlegt | Ekki nægar varnir til að tryggja öryggi fólks |
| Mjög hátt | Varnir til staðar en mikil hættu á alvarlegum atburðum |
| Hátt | Varnir til staðar en talsverð óvissa |
| Miðlungs | Góðar varnir gegn hættum en nokkur óvissa |
| Lágt | Mjög góðar varnir gegn hættum, lítil óvissa |

Áhættustigið byggist á hættumati Veðurstofu, stöðu innviða og þeim vörnum sem til staðar eru. Við mat á áhættustigi er horft til stöðugleika atburðar, en jafnframt óvissu í einstaka þáttum. Samspil hættuþátta, staða innviða og mögulegra viðbragða hefur áhrif á loka áhættustigið. Áhættustigið á við um stöðuna við útgáfu áhættumatsins, en breytingar á hættu, vörnum og viðbragði geta breytt niðurstöðunum.

ÁHÆTTUSTIG ÁHÆTTUSTIG GRINDAVÍKUR OG SVARTSENGIS

| | | | | |
|------------------------|------------------------|--------------|------------------|---------------------------------|
| Gossvæði/sprengisvæði: | Óásættanlegt | - | - | Óásættanlegt |
| Grindavík: | Mjög hátt | Óásættanlegt | Óásættanlegt | Óásættanlegt |
| Svartsengi: | Óásættanlegt | - | Óásættanlegt | Óásættanlegt |
| | Viðbragðsaðilar | Íbúar | Fyrirtæki | Ytri aðilar og ferðamenn |
| | Ráðgjafar | | | |
| | Verktakar | | | |

Sjá skýringar á næstu síðu.

SKÝRINGAR OG TAKMARKANIR:

Ríkislögreglustjóri í samráði við Lögreglustjóran á Suðurnesjum ákvað þann 20. nóvember að færa almannavarnastig af óvissustigi á neyðarstig.

Ví gaf út nýtt hættumatskort þann 21.11.2024 fyrir hættusvæði sem gildir til 22.11.2024 að öllu óbreyttu.

- Svæði 1 (Svartsengi) er áætlað með **mikla hættu** vegna hraunflæðis og gasmengunar og töluverða hættu vegna gjósku.
- Svæði 3 er áætlað með **mjög mikla hætta** vegna gasmengunar, gosopnunar, gjósku, sprunguhreyfinga, jarðskjálfta, hraunflæðis og jarðfalls ofan í sprungur.
- Svæði 4 (Grindavík) er áætlað með **mikla hættu** vegna gjósku, gasmengun, á sprunguhreyfingum og jarðfalli ofan í sprungu ásamt töluverðri hættu vegna hraunflæðis.
- Svæði 5 er áætlað með **töluverða hættu**, þar sem töluverð hætta er á gjósku en mikil eða mjög mikil hætta er á hraunflæði og gasmengun.
- Svæði 6 er áætlað með **mikla hættu**, vegna hraunflæðis, gjósku og gasmengunar en töluverða hættu á sprunguhreyfingum og jarðfalli ofan í sprungu.
- Svæði 7 er áætlað með **nokkra hættu** vegna jarðfalls ofan í sprungur og sprunguhreyfinga.

Búast má við að hættur vegna sprunguhreyfinga og jarðfalls ofan í sprungur hafi breyst í kjölfars síðustu jarðskjálfta og núverandi eldgoss.

Ekki hafa orðið breytingar á upplýsingum varðandi áætlað sprengisvæði sunnan Reykjanesbrautar frá fyrra áhættumati, sjá nánar í fyrra áhættugreiningu 3400-001-ÁGR-001-V12.

Gosstöðvarnar eru opnar almenningi þó svæðið sé ill aðgengilegt. Þar af leiðandi er möguleiki á umferð ferðafólks innan svæðis þar sem sprengihætta er, og þá auknar líkur á að viðbragðsaðilar þurfi að bregðast við neyðartilfellum á svæðinu. Vegna mögulegra afleiðinga við atvik innan þess svæðis er áhættustigið mjög hátt fyrir svæðið.

Flóttaleið um Grindavíkurveg er lokuð. Suðurstrandarvegur og Nesvegur er opin.

Við mat á áhættustigi er sérstaklega horft til þeirra atburða sem hafa lítinn sem engan fyrirvara eins og mikil hætta á háu gildi brennisteinstvívildis (SO₂) við yfirborð.

Samspil hættuþátta, fólksfjölda, viðbragðam, forvarna og innviða hefur áhrif á loka áhættustigið.

Viðbragðsaðilar - Ráðgjafar - Verktakar

Hér er átt við þá sem starfa í tengslum við eldsumbrot og móttvægisáðgerðir þeim tengdum

| | |
|------------------------------|---------------------|
| Gossvæði/sprengisvæði | Óásættanlegt |
| Grindavík | Mjög hátt |
| Svartsengi | Óásættanlegt |

Nýjar sprungur og sprunguopnanir geta hafa myndast við síðustu jarðhreyfingar.

Vegna núverandi hættu teljast Svartsengi ásamt gos- og sprengisvæði falla undir óásættanlega áhættu. Áhættustigið felur í sér að miklar líkur eru á óafturkræfum lífsógnandi atburði og aðstæður bjóða ekki upp á viðveru á svæðinu.

Þá telst Grindavík falla undir mjög háa áhættu, þar sem mikil hætta getur verið á alvarlegum atburðum þrátt fyrir að ákveðnar varnir séu til staðar. Tvennar flóttaleiðir eru til staðar. Eingöngu er reiknað með verkefnum sem lúta að öryggismálum eða verðmætabjörgun.

Mikilvægt er að allt svæðið sem fellur undir óásættanlega áhættu sé án umferðar og að einstaklingar virði lokanir. Einstaklingar sem fara um lokað svæði, ógna ekki bara sínu eigin lífi heldur auka einnig hættu viðbragðsaðila ef aðstoðar er þörf.

Halda þarf skráningu um alla þá sem að vinnu standa innan hættusvæða. Að lágmarki ætti að vinna í tveggja manna hópum við verkefni þar sem hætta er á hruni, bæði bygginga og jarðvegs. Þá er einnig mikilvægt að allur viðeigandi öryggisbúnaður sé til staðar, virkur og notaður í samræmi við áhættumat verkefnis.

Mikilvægt er því að halda fjarlægð við þekkt sprungusvæði og sjáanlega gliðnun í jörðu. Lóðir og svæði utan vega sem talin voru í lagi geta nú verið varasöm og ætti að forðast að ganga þar um. Fylgja skal fyrirmælum í rýmingu og hefja rýmingu um leið og rýmingarboð berast. Fólk sem ekki virðir það eykur einnig áhættu viðbragsaðila.

Íbúar

| | |
|------------------|---------------------|
| Grindavík | Óásættanlegt |
|------------------|---------------------|

Vegna aukinnar hættu, takmarkaðs aðgengis þjónustu viðbragðsaðila og á meðan ekki liggja fyrir ýtarlegri upplýsingar um stöðu innviða, t.d. mönnun viðbragðsaðila, vatni og rafmagni eftir nýjustu atburði og því ekki talið forsvaranlegt að einstaklingar starfi innan svæðisins.

Nýjar sprungur og sprunguopnanir geta hafa myndast við síðustu jarðhreyfingar og því ætti að kanna svæðið vel og gera viðeigandi ráðstafanir þess efnis áður en íbúum er hleypt aftur inn á svæðið.

Þar af leiðandi telst Grindavík nú falla undir óásættanlega áhættu fyrir íbúa. Áhættustigið felur í sér að miklar líkur eru á óafturkræfum lífsógnandi atburði og aðstæður bjóða ekki upp á viðveru á svæðinu.

Mikilvægt er að allt svæðið sem fellur undir óásættanlega áhættu sé án umferðar og að einstaklingar virði lokanir. Einstaklingar sem fara um lokað svæði, ógna ekki bara sínu eigin lífi heldur auka einnig hættu viðbragðsaðila.

| Fyrirtæki | |
|--|--------------|
| Grindavík | Óásættanlegt |
| Svartsengi | Óásættanlegt |
| <p>Vegna aukinnar hættu teljast Grindavík og Svartsengi falla undir óásættanlega áhættu fyrir almenna starfsemi. Áhættustigið felur í sér að miklar líkur eru á óafturkræfum lífsógnandi atburði og aðstæður bjóða ekki upp á viðveru á svæðinu.</p> <p>Mikilvægt er að allt svæðið sem fellur undir óásættanlega áhættu sé án umferðar og að einstaklingar virði lokanir. Einstaklingar sem fara um lokað svæði, ógna ekki bara sínu eigin lífi heldur auka einnig hættu viðbragðsaðila.</p> <p>Á meðan ekki liggja fyrir ýtarlegri upplýsingar um stöðu innviða, t.d. mönnun viðbragðsaðila, vatni og rafmagni eftir nýjustu atburði og því ekki talið forsvaranlegt að einstaklingar starfi innan svæðisins.</p> <p>Nýjar sprungur og sprunguopnanir geta hafa myndast við síðustu jarðhreyfingar og því ætti að kanna vinnusvæðið vel, starfsstöð og gera viðeigandi ráðstafanir þess efnis áður en starfsfólki fyrirtækja er hleypt aftur inn á svæðið.</p> | |
| Ytri aðilar og ferðamenn | |
| Gossvæði/sprengisvæði | Óásættanlegt |
| Grindavík | Óásættanlegt |
| Svartsengi | Óásættanlegt |
| <p>Vegna aukinnar hættu teljast Grindavík, Svartsengi ásamt gos- og sprengisvæði falla undir óásættanlega áhættu. Áhættustigið felur í sér að miklar líkur eru á óafturkræfum lífsógnandi atburði og aðstæður bjóða ekki upp á viðveru á svæðinu.</p> <p>Mikilvægt er að allt svæðið sem fellur undir óásættanlega áhættu sé án umferðar og að einstaklingar virði lokanir eða takmarkaðan aðgang vegna hættu. Einstaklingar sem fara um lokað svæði, ógna ekki bara sínu eigin lífi heldur auka einnig hættu viðbragðsaðila.</p> | |